LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

**Sigurður Ingi Jóhannsson**
sjávarútvegsráðherra

28. mars 2014

Efni: Tillaga Landssambands smábátaeigenda um fjölda veiðidaga á grásleppuvertíðinni 2014

Landssamband smábátaeigenda hefur haft til skoðunar bréf Hafrannsókna-stofnunar til ANR um niðurstöðu mælinga á stofnvísitölu grásleppu.

Það er félaginu sérstakt ánægjuefni að niðurstaðan hafi verði mun betri en í fyrra, reiknast okkur til að stofnvísitalan sé nú tæpum 50% hærri en þá.

LS ákvað fyrr í dag að boða til fundar í grásleppunefnd félagsins. Nefndin er skipuð 7 aðilum sem hver og einn er fulltrúi síns landssvæðis auk þess að allir stunda þeir grásleppuveiðar og hafa gert um langt árabil.

> *Niðurstaða nefndarinnar varð sú að óska eftir að endan-legur fjöldi veiðidaga á grásleppuvertíðinni 2014 verði **28**.*

## Greinargerð:

Frá upphafi hafa grásleppukarlar nýtt grásleppustofninn með ábyrgum og sjálfbærum hætti. Margvíslegar takmarkanir eru á veiðunum:

- stærð báta,
- fjöldi báta sem stunda má veiðarnar,
- takmarkaður fjöldi neta,
- dagatakmarkanir,
- markaðsaðstæður

og síðast en ekki síst náttúran sjálf; veður og skilyrði í hafinu.

Segja má að bréf Hafrannsóknastofnunar beri glöggt vitni um að framangreind skoðun um sjálfbærni er rétt.

Annar er sá þáttur sem stjórnar grásleppuveiðum og er sá ekki síður mikilvægur en umgengni um stofninn. Hér er átt við markaðsaðstæður.

Lengst af hafa grásleppuveiðar verið veruleg búbót fyrir smábátaeigendur, stöðugleiki á mörkuðum og viðunandi verð. Á miðri vertíð 2012 sköpuðust þær aðstæður að verð lækkaði. Samtímis stöðvaðist öll sala. Í lok vertíðar áttu sjómenn milli 3 og 4.000 tunnur. Birgðastaða hafði óvænt færst frá framleiðendum til sjómanna.

LS ákvað í kjölfar aðalfundar 2012 að funda með Grænlendingum, en samanlagt eru þjóðirnar með um 90% af allri heimsveiðinni. Þar var að samkomulagi að báðar þjóðirnar mundu draga úr veiðum á vertíðinni 2013.

Með reglugerð Atvinnu og nýsköpuarráðuneytisins var ákveðið að skerða veiðiheimildir grásleppubáta með því að fækka veiðidögum úr 50 í 32, og netum úr 150 í 100. Vertíðin 2013 skilaði 8.600 tunnum á móti 12.200 árið áður eða um 30% minni veiði.

Vinum okkar vestan Grænlandssunds tókst ekki eins vel upp. Veiðin þar fór ekki úr 11 þús. tunnum niður í 8 þús., heldur bættu þeir hressilega við sig og enduðu í 13.800 tunnum – aukning um 25%, en ekki samsvarandi minnkun veiðanna.

Þrátt fyrir að veiðar drægjust saman hér milli ára tókst ekki að stöðva verðlækkun. Útflutningsverð saltaðra grásleppuhrogna 2013 var 41% lægra en 2012 og kavíar lækkaði á sama tíma um 17%.

Landssamband smábátaeigenda áætlar að óráðstafað frá síðustu vertíð séu nú um 5.000 tunnur. Eitt þúsund hér á landi og 4.000 tunnur frá Grænlandi sem vistaðar eru í Danmörku. Auk þessa eiga framleiðendur borð fyrir báru ef marka má tilboð þeirra í nýja veiði. Þeir bjóða nú 150 krónur pr. kg fyrir óskorna grásleppu, en í fyrra var verðið 200 krónur

Það er álit LS að nú sé vegið mjög alvarlega að öðrum grunnþætti grásleppuveiða, markaðsmálum. Nokkrar leiðir eru til að endurheimta stöðugleika í þeim efnum. Sú nærtækasta að mati LS er að draga enn meira úr veiðum og freista þess ná jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar.

Tillaga grásleppunefndar LS um 28 veiðidaga á vertíðinni 2014 tekur mið af öllum þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram. Með henni eru skýr skilaboð send til framleiðenda og umhverfisverndarsinna að grásleppukarlar á Íslandi ætla áfram að stunda grásleppuveiðar með ábyrgum og sjálfbærum hætti sem tekur jafnt til markaðsmála og umgengni um auðlindina.

**Virðingarfyllst**

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri